

**Nd.**

**545. Viðaukatillaga**

við frumvarp til fjárlaga fyrir árin 1918 og 1919 (þingskjal 532).

Frá Sigurði Sigurðssyni.

Við 21. gr. Aftan við greinina bætist nýr liður:

Árna G. Eyland frá Hólum í Hjaltadal til að stofna hjer og reka fyrirmyndarbúskap í jarðrækt (tún-rækt), allt að 10000 kr.

Lánið veitist gegn ábyrgð sýslunefndar, þar sem búið er stofnað, eða annari tryggingu, er stjórnin tekur gilda. Það ávaxtast með 5%, sje afborgunarlaust 5 árin fyrstu, en endurgreiðist síðan með jöfnum afborgunum á 15 árum.